

um nýjan landaurareikning.

Flm.: Jón Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um nýjan landaurareikning, er byggður sé á verði þeirra afurða, er þjóðin framleiðir úr skauti náttúrunnar og seldar eru á innlendum og erlendum markaði. Sé við það miðað, að eftir verðbreytingum afurðanna framvegis fari breytingar á þeim verðmætum, sem á undanförunum árum hafa breyzt eftir framfærsluvísitölu.

Greinargerð.

Landaurareikningurinn gamli var byggður á verðlagi búpenings og afurða. Hann var í gildi um margra alda skeið og var notaður sem verðmælir í viðskiptum fólksins. Var sú ráðstöfun þrauthugsuð og viturleg, eins og margt í fari okkar forfeðra. En því miður var frá þessu horfið með vaxandi viðskiptum við aðrar þjóðir og það án þess að nokkuð kæmi í staðinn, er á viti væri byggt. Loks var svo að því horfið á Alþingi 1940 eftir kröfu embættismanna og verkalýðsfélaga að setja lög um framfærsluvísitölu, er miðast skyldi við allt verðlag allra þarfa manna á dýrasta stað á landinu, sjálfri höfuðborginni. Eftir breytingu þessarar vísitölu skyldi svo breytast með ákveðnu millibili og lengst af um hver mánaðamót allt kaupgjald og laun, sem síðan verkaði á allt verðlag í landinu, tolla, skatta og síðan gildi íslensku krónunnar. Þessi endemis vitleysa hefur með nokkrum breytingum gildi í 20 ár og haft í för með sér þær afleiðingar, að allt fjármálakerfi þjóðarinnar hefur síðustu 3 árin riðað á gjaldprotabarminum. Hvaðeina í þjóðfélagi voru hefur skrúfað annað upp tönn fyrir tönn, eins og hjólatennur í „dunkrafti“. Vegna þessa hefur gildi íslenskra peninga fallið á ári hverju með mismunandi hraða, og hefur svo þing og stjórn eðlilega neyðzt til þess með nokkurra ára millibili að viðurkenna sannleikann með því að breyta opinberlega skráningu krónunnar.

Þegar þetta glæfraspil var fyrst upptekið, þá benti ég á það, að ekkert þjóðfélag og allra sízt okkar fámenna og fátæka þjóð gæti þolað slíka aðferð. Alltaf síðan hef ég verið í orði og verki andvígur vísitöluskrúfunni. En allan tímann hefur ekkert tillit verið tekið til minna aðvarana. Loksins var reynslan orðin svo alvarleg eftir 20 ára kennslu, að núverandi ríkisstjórn sýndi þann manndóm að skera á hnútin og banna það í sinni efnahagsmálalöggjöf að bæta upp laun og kaupgjald og fleira samkvæmt vísitölu. Hún var líka komin í þá aðstöðu að vera til þess neydd að taka þrotabúið til uppgerðar. Með þessu banni er mikið fengið, og vonandi verður meiri hluti á Alþingi Íslendinga aldrei framur svo gersneyddur heilbrigðri skynsemi að setja skrúfuna í gang á nýjan leik. En undan skrúfufarginu er þjóðin ekki að fullu laus, meðan því er haldið áfram að reikna út vísitölu á þeim fráleita grundvelli, sem gert hefur verið. Á meðan það er gert, má búast við, að áfram haldi meira og minna jag og stagl um meiri niðurgreiðslur á vöruverði eða einhverjar uppbætur beint eða óbeint. Þess vegna er nauðsynlegt að taka upp heilbrigðari aðferð, sem hægt er að láta gilda og standast, án þess að það hafi í för með sér glötun á fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Nú er það vitað og mætti vera kunnugt öllum mönnum, að grundvöllur allra okkar fjármála er sjálf framleiðslan. Arðurinn af henni er það verðmæti, sem þjóðin hefur til skiptanna sér til framfæris, menningar og framkvæmda. Þetta sáu okkar forfeður og breyttu í samræmi við það. Þess vegna tóku þeir upp landaurareikninginn, og þess vegna héldu þeir honum í gildi svo lengi sem raun varð á. Sömu aðferðina eigum við nútímamenn að taka upp með þeim breytingum, sem aðstaða nútímans gerir nauðsynlegar.

Á Alþingi 1936 flutti ég frumvarp um landaura og verðlagsskrár, er nota skyldi í viðskiptum þjóðarinnar. Voru þeir meðflutningsmenn Jón Sigurðsson og Jóhann Þ. Jósefsson. Þetta frumvarp náði ekki samþykki. Vísitöluskrúfan var þá þegar í undirbúningi. Nú vil ég ekki leggja í það eftir allt, sem síðan hefur gerzt, að semja frumvarp um þetta flókna vandamál, enda þótt mér séu aðalatriði þess ljós. Þess vegna ber ég fram þá tillögu, sem hér er flutt, og legg það til, að ríkisstjórnin láti eftir nákvæma athugun semja frumvarp um nýjan landaurareikning og leggi það fyrir næsta reglulegt þing. Vil ég mega vænta þess, að allir þeir menn, sem hafa opnað augun fyrir afleiðingum vísitöluskrúfunnar, ljái þessari tillögu sitt lið, svo að hún geti náð samþykki, áður en þingi slítur.